

Framboð til varaformanns Sálfræðingafélags Íslands.



Ég heiti Bóas Valdórsson og býð mig fram til varaformanns Sálfræðingafélags Íslands. Ég er 43 ára Reykvíkingur, giftur Dóru Guðrúnu Guðmundsdóttur sálfræðingi og eigum við þrjú börn.

Ég lauk Cand.Psych prófi frá Háskólanum í Árósum og fékk starfsleyfi árið 2007 og sérfræðileyfi í klínískri barnasálfræði árið 2015. Á starfsferli mínum hef ég starfað á Landspítalanum (BUGL), hjá Sýslumanni höfuðborgarsvæðisins og starfa í dag sem sálfræðingur í Menntaskólanum við Hamrahlíð og í skólaþjónustu Kópavogsbæjar. Ég starfaði um tíma á eigin stofu og hef í gegnum tíðina sinnt ýmiskonar fyrirlestrahaldi og ráðgjöf

fyrir ýmsa aðila s.s. barnaverndarnefndir, félagsamtök, sveitarfélög og íþróttafélög.

Ég hef þann tíma sem ég hef verið meðlimur í Sálfræðingafélagi Íslands haft brennandi áhuga á störfum félagsins og þeim málum sem félagið stendur fyrir. Ég hef í því sambandi reynt að leggja mitt af mörkum til að efla starf félagsins bæði í fræðslunefnd til þriggja ára, tvö ár sem meðstjórnandi í stjórn SÍ og síðustu tvö árin sem varaformaður þar sem ég hef tekið virkan þátt í kjaramálum og almennum stjórnarstörfum.

Sálfræðingafélag Íslands er mikilvægt félag fyrir sálfræðinga. Þar mætast bæði fagleg sjónarmið sálfræðinga sem og stór hagsmunamál félagsmanna er tengjast kjörum og aðbúnaði á vinnumarkaði. Við erum orðin stór hópur sem störfum sem sálfræðingar með ólíkar sérhæfingar og áherslur en á sama tíma sameiginleg markmið og skýra sýn á að fræðigreinin sálfræði og sálfræðingar hafi mikið fram að færa til samfélagsins.

Það er áskorun fyrir okkur sem störfum fyrir hönd félagsins að samþætta ólík sjónarmið félagsmanna og forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi hverju sinni. Stjórnin starfar ekki í fílabeinsturni og er þátttaka félagsmanna í starfi félagsins lykilatriði svo hægt sé að sníða áherslur starfsins að þörfum félagsmanna hverju sinni. Er það von mín að sem flestir sálfræðingar sjá tækifæri í því að taka þátt í starfinu og leggja sitt af mörkum til félagsins hingað til sem hér eftir.

Ég tel starfsreynslu reynslu mína og reynslu mína síðustu ára á störfum félagsins geta nýst félaginu vel og vonast ég til að fá umboð félagsmanna til að vinna áfram fyrir hönd félagsins sem varaformaður næstu tvö ár.

Kveðja
Bóas